

Glæðum Grímsey

Ársskýrsla 2018



Um byggðapróunarverkefnið Glæðum Grímsey

Verkefnið í Grímsey hófst árið 2015 og verkefnisstjóri hóf störf í nóvember sama ár. Íbúabíng var haldið í Múla í Grímsey í byrjun maí 2016 og út frá niðurstöðum þess var unnin framtíðarsýn og markmið fyrir verkefnið. Þar völdu Grímseyingar líka nafn verkefnisins; *Glæðum Grímsey*. Drög að stefnumótun kynnt fyrir íbúum á vel sóttum fundi í lok árs 2016.

Verkefnið byggir í grunninn á þremur meginmarkmiðum og undir hverju þeirra eru svo skilgreind og tímasett starfsmarkmið.

Meginmarkmiðin eru:

- Sterkur grunnatvinnuvegur
- Þróttmikið og samheldið samfélag
- Einstakur staður

Undir meginmarkmiðunum eru síðan skilgreind 34 nákvæmari starfsmarkmið.

Í verkefnisstjórn Glæðum Grímsey sitja:

Eva Pandora Baldursdóttir - Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson – Byggðastofnun

Matthías Rögnvaldsson – Akureyrarkaupstaður

Gunnar Gíslason – Eyþing

Baldvin Valdemarsson – Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar

Guðrún Inga Hannesdóttir – Fulltrúi íbúa

Karen Nótt Halldórsdóttir – Fulltrúi íbúa

Jóhannes Henningsson – Fulltrúi íbúa

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga vorið 2018 tók Halla Björk Reynisdóttir við sæti Matthíasar sem fulltrúi sveitarfélagsins.

Árið 2018

Frá janúar og fram í september árið 2018 var verkefnisstjóri einungis í hlutastarfi meðfram fæðingarorlofi. Starfið fólst því að mestu leiti í utanumhaldi varðandi styrkúthlutanir, samningagerð og eftirfylgni með verkefnum. Orlof verkefnastjóra hafði án efa einhver áhrif á framgang verkefna þrátt fyrir að hann hafi alltaf reynt að vera til staðar og sinna brýnustu verkþáttum.

Verkefnastjóra var boðið að taka þátt í Erasmus+ verkefninu Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe, skammstafað INTERFACE, sem unnið er undir forrystu Byggðastofnunar. Öllum verkefnastjórum Brothættra byggða á Íslandi var boðið að taka þátt enda markmið verkefnisins að styðja við brothættar byggðir í þátttökulöndunum með því að útbúa kennslufni, þjálfra leiðbeinendur til starfa og halda námskeið. Þátttakendur komu frá fimm löndum auk Íslands.

Þátttaka verkefnastjóra hófst á haustmánuðum 2018 og fólst m.a. í verkefnavinnu og þjálfun ásamt öðrum þátttakendum. Verkefnastjóri ferðaðist til Borgarfjarðar Eystri í september og til Þingeyrar í nóvember til þess að taka þátt í vinnulotum tengdum verkefninu. Vinnuloturnar nýttust vel til þjálfunar og líka til tengslamyndunar við aðra verkefnastjóra á landinu.

Verkefnisstjórn Glæðum Grímsey fundaði fjórum sinnum árið 2018, þar af voru tveir símafundir.

- Símafundur þar sem íbúafundur var skipulagður í febrúar 2018.
- Verkefnisstjórn fundaði fyrir íbúafund í Múla 2. mars 2018.
- Símafundur þar sem farið var yfir styrkumsóknir þann 8. júní 2018.
- Fundur með hluta verkefnisstjórnar í fundarsal AFE á Akureyri þann 20. desember 2018

Verkefnisstjóri fundaði líka með fulltrúum íbúa í verkefnisstjórninni í Grímsey í mars og september.

Helstu verkefni

Íbúafundur var haldinn í Múla 2. mars 2018. Þar var farið yfir stöðu verkefnisins og hvernig gengi að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í upphafi.

Í samantekt sem verkefnastjóri vann fyrir fundinn kom fram að búið væri að ná 8 af markmiðunum 34. Þar á meðal eru mörg stór markmið eins og bætt netsamband, fjölgun ferjuferða, betra símsamband og grunnskóli í Grímsey upp í 10. bekk.

Auk þess er skriður kominn á 12 markmið til viðbótar og unnið er að því að ná þeim. Í 12 öðrum markmiðum hefur lítið sem ekkert þokast.

Eitt af þeim markmiðum sem hvað brýnast er að ná sem fyrst eru breytingar á stöðu orkumála í Grímsey, en unnið er að því í samvinnu við Vistorku. Nú er verið að blanda lífdísli saman við olíuna sem notuð er í rafstöðinni en mikilvægt er að huga að sjálfbærari orkuöflun og nýtingu.

Ferðapjónusta í Grímsey gekk vel árið 2018, ferðamönnum fjölgaði og komur skemmtiferðaskipa voru tíðari. Einnig varð fjölgun á afþreyingarmöguleikum í eyrni ss. hjólaleiga, köfunarferðir og fleira. Mikilvægt er að hlúa að frekari þróun á sviði ferðapjónustunnar.

Búðin í Grímsey hlaut myndarlegan styrk úr stefnumótandi Byggðaáætlun þar sem markmiðið er að styðja við verslunarrekstur í strjálbýli.

Verkefnastjóri fór inn á fund bæjarráðs Akureyrarbæjar í mars 2018 og fór yfir helstu verkefni sem eru á borði sveitarfélagsins í bæði Hrísey og Grímsey. Bæjarráð sendi svo liðina af verkefnalistafram innan stjórnkerfis bæjarins.

Önnur helstu verkefni ársins snéru aðallega að samskiptum við styrkþega og sveitarfélagið varðandi ýmis mál.

Styrkir til verkefna

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðaþróunarverkefnið Glæðum Grímsey í apríl 2018. Til úthlutunar var styrkfé ársins 2018, eða kr 7.000.000. Frestur til þess að skila inn umsóknum var til 13. maí og bárust alls sjö umsóknir um styrki. Öll verkefnið sjö fengu úthlutað styrk, en þau voru:

Básar – lagfæring á ytra byrði

Umsækjandi er Básavík ehf. sem hefur rekið Gistiheimilið Bása í Grímsey frá árinu 2007. Sótt er um styrk til þess að vinna að endurbótum á ytra byrði gistiheimilisins, en múrhúð utan á húsinu er orðin mjög sprungin og illa farin. Nauðsynlegt er að fara í lagfæringar og láta múra húsið upp á nýtt. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 1.500.000. til að vinna að lagfæringum á húsinu.

Kvenfélagið Baugur - Sumarsólstöður

Markmið verkefnisins er að koma á fót árlegum viðburði í kring um sumarsólstöður til þess að gleðja Grímseyinga og gesti þeirra og um leið markaðsetja eyjuna sem áfangastað. Verkefnið miðar að því að virkja heimamenn og ferðaþjónustuaðila í Grímsey þannig að sem best verði að hátíðinni staðið. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 1.000.000.

Grímseyjarskóli - Eyjasamstarf

Árið 2017 hófu skólarnir í Hrísey og Grímsey samstarf sem gafst mjög vel. Þetta verkefni er hugsað til þess að efla samstarf skólanna enn frekar. Skólarnir hafa áður fengið styrk fyrir verkefni sem hét Veðrið. Þetta verkefni er hugsað sem framhald af veðurverkefninu og í því felst m.a. heimsókn skólans til Hríseyjar auk fræðslu um veður og veðurfar. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 340.000.

Steinunn Stefánsdóttir - Grímseyjarpeysan

Markmið Steinunnar er að þróa peysu með Grímsey og heimskautsbauginn í forgrunni og þannig búa til fallegan minjagrip frá Grímsey. Í leiðinni er líka verið að skapa vinnu fyrir einn íbúa í Grímsey. Verkefnið var styrkt um kr. 460.000. fyrir áframhaldandi hönnun á peysunni.

Gullsól – Stækkun á palli

Umsækjandi er Handverkshúsið Gullsól í Grímsey. Verkefnið snýst um að stækka og bæta aðstöðu utan við Galleríið Gullsól, stækka pall og gera garðskála. Í galleríinu stoppa nánast allir sem til Grímseyjar koma, þar er selt kaffi og með því, og er staðurinn ígildi upplýsingamiðstöðvar í eynni. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 2.300.000.

Sigurður Henningsson - Jetski tours in Grímsey

Markmið verkefnisins er að koma á fót afþreyingu fyrir ferðamenn í Grímsey í formi ferða á sæpotum (jetski). Hugmyndin er að geta boðið gestum upp á ferðir út frá Grímsey, jafnvel til Flateyjar eða í land og um leið að skapa störf í Grímsey. Verkefnið var styrkt um upphæð kr. 750.000. til þess að vinna að betri áætlanagerð og undirbúningi varðandi reksturinn.

Guðrún Inga Hannesdóttir - Matur og menning í Grímsey

Markmið verkefnisins er að búa til bók um mat og matarmenningu Grímseyjar sem er einstök þegar kemur að matargerð og nýtingu á hráefni sem eyjan býr yfir. Ætlunin með bókaútgáfunni er að varðveita þessa þekkingu og skrá hana niður svo hún glatist ekki. Um leið yrði bókinn liður í allri kynningu á Grímsey og góður minjagripur fyrir ferðafólk. Verkefnið fékk umbeðinn styrk upp á kr. 650.000.